

Úttektarkerfið

Tilgangur úttektarkerfis er að ganga úr skugga um að opinbert eftirlit sem framkvæmt er á grundvelli laga og reglugerða um matvæli, fóður, dýraheilbrigði og dýravelferð sé í samræmi við kröfur viðeigandi löggjafar, að því sé framfylgt með árangursríkum hætti og að það henti til að ná markmiðum viðkomandi löggjafar.

Úttektarkerfið tekur til alls opinbers eftirlits með matvælum, fóðri, dýraheilbrigði og dýravelferð sem framkvæmt er í landinu og nær því til allra þeirra sem hafa lögbundnu hlutverki að gegna skv. eftirlitslöggjöfnni.


Úttektirnar eru flokkaðar í þrjá megin flokka:

- **Lárétt úttekt:** Þverfagleg úttekt sem nær yfir fleiri en einn eftirlitsþega eða flokk. Getur átt við innleiðingu á eftirlitslöggjöfnni, rekjanleika matvæla, neysluvatn o.fl.
- **Lóðrétt úttekt:** er innan flokks úttekt og er einblínt á einhvern einn eftirlitsþega. Getur átt við hreinlæti í sláturhúsum, flutningur á dýrum o.fl.
- **Eftirfylgni fyrri úttekta:** Úttekt þar sem fylgt er eftir athugasemdum fyrri úttekta.

Flokkar

Úttektaráætlunin skal tryggja að á 5 árum verði farið í úttekt í öllum flokkum. Við ákvörðun á flokkum var notast við ferla Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins. Þeir flokkar sem kerfið nær yfir eru: Matvæli úr dýraríkinu, Matvæli úr plönturíkinu, Fóður, Sértek löggjöf, Dýravelferð, Dýraheilbrigði, Inn- og útflutningur, Rannsóknarstofur og Dreifing.

Mynd 1. Úttektarflokkar



Úttektaráætlun

Áætlunin skal unnin á gegnsæjan hátt þar sem fram koma áhættumiðuð forgangsatriði sem gefa til kynna viðeigandi áhættumiðaða tíðni úttekta. Áætlunin skal ekki spanna meira en 5 ár og á því tímabili skal úttekt fara fram a.m.k. einu sinni á öllum þeim sviðum og hjá öllum þeim lögbæru yfirvöldum sem falla undir löggjöfina.

Í töflum 1 og 2 má sjá landsbundna úttektaráætlun til 5 ára (LÚMA). Við gerð áætlunarinnar var tekið til greina athugasemdir frá fyrrum úttektum ESA, innleiðingar nýrra reglugerða og flokkar metnir eftir nauðsyn á úttekt og áhættu. Áætlunin skal að minnsta kosti endurskoða innan 3 ára.

Tafla 1. Landsbundin úttektaráætlun til 5 ára

Flokkur	2024	2025	2026	2027	2028
Matvæli úr dýraríkinu	X	X	X	X	
Matvæli úr plönturíkinu			X		
Fóður		X			
Sértæk löggjöf	X	X	X		
Dýravelferð	X	X		X	X
Dýraheilbrigði	X	X			
Inn- og útflutningur*					
Rannsóknarstofur			X		
Framleiðsla og dreifing				X	X

*Inn- og útflutningseftirlit verður ekki tekið fyrir sérstaklega í innri úttekt á næstu 5 árum. Ástæða þess er hvernig slíkt eftirlit kom útúr áhættumati á eftirliti MAST og einnig er horft til áherslna sem hafa verið og verða í ytri úttektum ESA á næstu árum en landamærastöðvar og innflutningseftirlit er tekið fremur oft út af þeirra hálfu.

Tafla 2 Landsbundin úttektaráætlun til 5 ára

Ár	Matvæli úr dýraríkinu	Matvæli úr plönturíkinu	Fóður	Sértæk löggjöf	Dýravelferð	Dýraheilbrigði	Rannsóknastofur	Inn- og útflutningur	Framleiðsla og dreifing
2024	Eftirlit með skráningu dýralyfjanotkunar			Eftirlit með áburði	Eftirlit með velferð loðdýra	Eftirlit með áburði			
2025	Kjöttvinnslur		ABP - Fiskeldi	ABP - Fiskeldi	Velferð við flutning lifandi dýra	ABP - Fiskeldi			
2026	Skelfisk-ræktun			Skelfisk-ræktun			Tilbúin matvæli		Tilbúin matvæli
	Báta- og skipaskoðanir					Skelfisk-ræktun			
2027	Reglubundið eftirlit í sláturhúsum		ABP - Matvæla-vinnsla	ABP - Matvæla-vinnsla		ABP - Matvæla-vinnsla			Fæðubótarefni á markaði
2028	Eftirfylgni-úttekt - Útistandandi úrbóta kröfur	Eftirfylgni-úttekt - Útistandandi úrbóta kröfur	Eftirfylgni-úttekt - Útistandandi úrbóta kröfur	Eftirfylgni-úttekt - Útistandandi úrbóta kröfur	Frumframleiðsla sauðfjár	Eftirfylgni-úttekt - Útistandandi úrbóta kröfur	Eftirfylgni-úttekt - Útistandandi úrbóta kröfur		Eftirlit í stóreldhúsum
					Eftirfylgni-úttekt				Eftirfylgni-úttekt

Breytingar geta orðið með gerð ársáætlana vegna innri og ytri þátta svo sem úttektaáætlana Eftirlitsstofnunar EFTA og/eða vegna niðurstaðna í eftirliti svo dæmi séu tekin.

Samþykkt í úttektastjórn, 5. janúar 2024



F.h. úttektastjórnar,
Kolbeinn Árnason, skrifstofustjóri